

107
25. júlí

Af þessu tilefni vil jeg skírskota til laga frá 11. maí 1876 og ráðgjafabréfs frá 26. maí 1877 (stjórnartíðindin B 86), sem lætur það álit í ljósi, að 2. gr. laga þessara eigi ekki við nefndar ár, þar sem Thomsen kaupmanni sje með hæztarjettarlómi frá 16. febrúar 1875 dæmd heimild til að þvergirða árnar, þrátt fyrir ákvörðun 56. Kapítula landsleigubálks Jónsbókar, sem löggin frá 11. maí 1876 í þessu tilliti eru byggð á, og í annan stað mælast til þess, að þjer, herra amtmaður, skýrið Kristinn Magnússyni og þeim fjelögum hans frá því, að hver maður, sem vill lifa í síðuðu fjelagi, og óskar sjálfur að njóta þeirrar verndar, sem lög og dómar veita öllum landsmönnum, er skyldur, ef hann hefur nokkuð að kæra gagnvart öðrum að fylgja fram rjetti sínum með lögum og dómi, og ekki taka hann sjálfur eða sökja með ofbeldi og yfirgangi.

Loksins vil jeg skora á yður, herra amtmaður, að þjer að svo miklu leyti, sem valdstjórninni ber að skipta sjer af þessu máli, gjörið sem allra fyrst gangskör að því, að dómstólarnir gjöri út um lagaheimild hinna áminnzta veiðivjela, sbr. brjef mitt frá 13. ágúst f. á. (stjórnartíð. B 127), eins og jeg býst við, að þjer hlutizt til um, að hinir nefndu böendur verði fyrir þeirri ábyrgð gagnvart hinu opinbera, er þeir virðast samkvæmt lögnum að hafa bakað sjer með hinu áminnzta hervirki.

108
28. júlí

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður og vesturumdæminu um styrk til eflingar landbúnaði. — Í brjefi frá 28. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, fyrir hönd amtsráðsins í vesturumdæminu lagt það til, að fje því, sem í fjárlögnum er veitt til jarðröktar og eflingar sjáfarúttegi 1879 í vesturumdæminu, verði varið á þennan hátt.

1. til launa handa Ólafi jarðyrkjumanni Bjarnarsyni fyrir að ferðast um ýmsar sýslur og leiðbeina mönnum í jarðabótarstörfum og landbúnaði 400 kr.

2. sem styrki handa Boga Helgasyni frá Vogu til að ljúka við nám sitt á búnaðarskólanum á Stend í Noregi 100 kr.

3. til að koma á fót kennslu í búfræði og jarðabótum hjá Torfa jarðyrkjumanni Bjarnarsyni 733 kr.

Með tilliti til hinnar síðustu uppástungu hafið þjer skýrt frá því, að amtsráðið hafi samkvæmt ítarlegum tillögum Torfa, sem býr á eignarjörð sinni Ólafsdal í Dalasýslu fallizt á, að þar verði með opinberum styrk komið á fót kennslustofnun fyrir Vesturumdæmið, þar sem menn ættu kost á að nema öll hin helztu atriði í jarðrökt og búfræði eptir því, sem til hagar hjer á landi, og amtsráðið hafi veitt úr búnaðarsjóði vesturumdæmisins 67 kr. í viðbót við nefndar 733 kr., svo að útborgaðar verði á árinu 1879 800 kr. til undirbúnings kennslustofnunarinnar svo sem með húsastækkun, verkferakaupum o. fl.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að jeg fellst á þessa tillögu yðar og fylgir hjer með jarðabókarsjóðsávisun á 1233 kr.

PRESTAVÍGSLUR.

Hinn 1 dag júnímán. var kandiðat Þorsteinn Benediktsson vígður prestur að Lundi og Fitjum í Borgarfjarðar prófastsdæmi.

14. júní var kandiðat Ólafur Ólafsson vígður prestur að Brjámslæk og Haga í Barðastrandar prófastsdæmi.

31. ágúst var kandiðat Einar Jónsson vígður prestur að Felli og Höfða í Skagafjarðar prófastsdæmi.